

af þessum atriðum, svo og öllum málavöxtum, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Í dóminum áttu sæti Einar Arnalds borgardómari, Þorsteinn hagstofustjóri Þorsteinsson og Jón Axel Pétursson hafnsögu-
maður.

Þvi dæmist rétt vera:

Stefndu, eigendur og váttryggjendur e/s Rolf Jarl, skips og farms, greiði stefnanda, Skipaútgærð ríkisins, kr. 4 000.00 með 6% ársvöxtum frá 14. maí 1943 til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 6. apríl 1948.

Nr. 109/1947. Réttvísinn (Hrl. Theódór B. Lindal)
gegn

Ólafi Gunnari Grímssyni
og

Óskari Lúðvík Grímssyni
(Hrl. Magnús Thorlacius).

Nauðgun.

Dómur hæstaréttar.

Brot ákærðu, sem er réttilega lýst í héraðsdómi, varðar við hegningarlagagreinar þær, sem þar eru taldar, svo og, að því er Ólaf Gunnar Grímsson varðar, við 2. mgr. 22. gr. laga nr. 19/1940 og að því er Óskar Lúðvík Grímsson varðar við 1. mgr. sömu lagagreinar. Til þyngingar refsingar ákærðu ber að taka til greina, að þeir, sem eru atvinnubílstjórar og stúlkan A. B-dóttir hafði trúað fyrir því að aka sér heim til sín, fluttu hana á afvikinn stað utan við bæinn til þess að fremja þar glæpinn og vörnuðu henni með valdi að komast út úr bifreiðinni á leiðinni, sem hún gerði ítekaðar tilraunir til. Skildu þeir hana þar síðan eftir úti á viðavangi að afbrotinu frömdu, illa til reika. Með skírskotun til þessa, og þar sem telja verður, að ákærðu hafi komið sér saman um að vinna glæpinn, þykir refsing þeirra hvors um sig með hliðsjón af 3. tölulið og niðurlagsákvaði 70. gr. laga nr. 19/1940 hæfilega ákveðin fangelsi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og málskostnað þykir bera að staðfesta.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, kr. 500.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærðu, Ólafur Gunnar Grímsson og Óskar Lúðvík Grímsson, sæti hvor um sig fangelsi 3 ár.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu réttinda, skaðabætur og greiðslu málskostnaðar staðfestast.

Ákærðu greiði in solidum allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Theódórs B. Lindsals og Magnúsar Thorlacius, kr. 500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 19. júlí 1947.

Ár 1947, laugardaginn 19. júlí, var í aukarétti Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni saka-dómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2526—27/1947: Réttvisin gegn Ólafi Gunnari Grímssyni og Óskari Lúðvík Grímssyni, sem tekið var til dóms 2. sama mánaðar.

Mál þetta er af réttvisinnar hálfu höfðað gegn þeim Ólafi Gunnari Grímssyni bifreiðarstjóra, Laugavegi 27 og Óskari Lúðvík Grímssyni bifreiðarstjóra, skála nr. 3 við Þóroddsstaði, báðum hér í bæ, fyrir brot gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940, til refsingar, sviptingar borgararéttinda og greiðslu skaðabóta og sakarkostnaðar.

Ákærðu, sem eru bræður, eru báðir komnir yfir lögaldur sakamanna. Ákærði Ólafur Gunnar Grímsson er fæddur 22. desember 1921 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kær-um og refsingum:

1937 $\frac{1}{12}$ Kærður fyrir að tilbúa og nota falska peninga við sjálf-sala. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1941 $\frac{1}{2}$ Áminning fyrir brot gegn 15. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

1941 $2\frac{1}{10}$ Sátt, 5 kr. sekt fyrir brot gegn C-lið 50 gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.

- 1942 $1\frac{3}{11}$ Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot gegn 46. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur.
- 1943 $1\frac{3}{7}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn reglum um aðalgötur og hliðargötur.
- 1944 $2\frac{8}{3}$ Áminning fyrir brot gegn 1. mgr. 70. gr. lögreglusamþykktar.
- 1944 $1\frac{3}{7}$ Áminning fyrir ógætilegan akstur.
- 1945 $1\frac{4}{11}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn 4. mgr. 26. gr. laga nr. 23 1941.
- 1946 $1\frac{8}{1}$ Sátt, 20 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1946 $2\frac{2}{12}$ Sátt, 150 kr. sekt fyrir umferðarbrot, ölvun og óspektir.
- Ákærði Óskar Lúðvík Grímsson er fæddur 28. desember 1922 í Reykjavík og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum kærum og refsingum:
- 1939 $2\frac{8}{4}$ Kærður fyrir rúðubrot. Afgreitt með skaðabótum.
- 1940 $2\frac{8}{3}$ Áminning fyrir boltaleik á götu.
- 1940 $1\frac{5}{6}$ Kærður fyrir ölvun. Fellt niður.
- 1941 $\frac{5}{11}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1944 $\frac{3}{8}$ Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot gegn bifreiðalögunum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.
- 1945 $\frac{1}{3}$ Sátt, 25 kr. sekt fyrir brot gegn 48. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur, 28. gr. 2. mgr. bifreiðalaganna o. fl.
- 1946 $2\frac{0}{3}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir, 200 kr. skaðabætur í sama máli.
- 1946 $2\frac{7}{4}$ Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1946 $2\frac{7}{8}$ Áminning fyrir brot gegn 27. gr. bifreiðalaganna.

Samkvæmt eigin játningu ákærðu, sem er í samræmi við það, sem með öðrum hætti er upplýst í málinu, eru málavextir þessir:

Ákærðu eru báðir leigubifreiðarstjórar að atvinnu og hafa undanfarið starfað á bifreiðarstöðinni „Hreyfill“, hér í bæ. Alla aðfaranótt 2. maí s. l. óku þeir með farþega víðs vegar um bæinn. Laust fyrir kl. 8 um morguninn 2. maí hittust þeir með bifreiðar sínar á bifreiðastæðinu hjá „Hreyfli“ og ætluðu þeir þá að hætta akstri vegna þess hve framorðið var. Á bifreiðastæðinu var einnig bifreið, sem tveir karlmenn, þeir Árni Sigurður Ágústsson verkamaður, Bergstaðastræti 7 hér í bæ, og Guðmundur Guðmundsson kaupmaður, Vesturgötu 20, Hafnarfirði og ein stúlka A. B-dóttir, G-stig 40 hér í bæ, voru í, öll ölvuð. Árni Sigurður skuldaði ákærðu peninga fyrir akstur, og fóru þeir til hans til að fá greiðslu hjá honum. Allt í einu fór A. B-dóttir út úr bifreiðinni, og bera ákærðu að tilefni þess hafi verið það, að ákærði Óskar Lúðvík hafi sagt við Árna Sigurð, að skuldin við hann stafaði frá því að hann hefði ekið með hann og tvær nafngreindar stúlkur í bifreið sinni nokkru áður, en A. B-dóttir, Árni Sigurður og

Guðmundur muna ekki tilefnið. A. B-dóttir reikaði síðan á milli bifreiða á bifreiðastæðinu.

Ákærðu, sem þekktu A. B-dóttur ekki neitt, buðu henni upp í bifreið ákærða Óskars Lúðviks, R 3705, sem er 6 manna Dodge-bifreið af gerð ársins 1940. A. B-dóttir þáði það og settist í aftursæti bifreiðarinnar. Ákærði Ólafur Gunnar settist við hægri hlið hennar, en ákærði Óskar Lúðvik settist við stýrið og ók bifreiðinni af stað inn Hverfisgötu. A. B-dóttir kveðst hafa beðið þá um að aka henni heim, og minnir ákærða Ólaf Gunnar, að hún hafi sagzt eiga heima á Klapparstíg, en ákærði Óskar Lúðvik minnist þess ekki, að hún bæði um að henni yrði ekið heim.

Ákærði Ólafur Gunnar hefur borið það, að er bifreiðin var farin af stað, hafi ákærðu dottið í hug að komast yfir A. B-dóttur, en engin orðaskipti áttu sér stað á milli ákærðu um það. A. B-dóttir fór að ókyrrast, er bifreiðin var komin inn fyrir Klapparstíg og kvaðst vilja fara beint heim til sín. Ákærðu sinntu því ekki. Gerði hún margar tilraunir til að hlaupa út úr bifreiðinni á ferð, en ákærði Ólafur Gunnar kom í veg fyrir, að það tækist. Ákærðu töluðu ekki saman um, hvert aka skyldi í bifreiðinni, en ákærði Óskar Lúðvik ók henni upp fyrir Vatnsgeymi, inn á Kringlumýrarveg, og stöðvaði bifreiðina þar. Þar fór hann út úr henni og sagði um leið við Ólaf Gunnar: „Það er bezst að ég eigi við hana“, og átti þá við A. B-dóttur.

Ákærði Óskar Lúðvik settist síðan við hægri hlið A. B-dóttur í aftursæti bifreiðarinnar, en ákærði Ólafur Gunnar tók við akstri bifreiðarinnar og ók henni í átt til Vatnsendahæðar. Ákærða Óskari Lúðvik datt nú í hug að reyna að komast yfir A. B-dóttur, hvað sem hún segði. Byrjaði hann að láta vel að henni og reyndi að kyssa hana. Smám saman gerðist hann frekari, fletti kjól hennar og kápu hennar upp um hana og reyndi að ná buxunum niður um hana, en það tókst ekki. Hann opnaði buxnaklauf sína, lagðist að nokkru leyti ofan á hana og reyndi að hafa samræði við hana. Mótspyrna hennar var þó það mikil, að honum tókst það ekki, og er ekki upplýst, að hann hafi tekið út getnaðarlim sinn.

Meðan á þessu stóð, hafði ákærði Ólafur Gunnar ekið bifreiðinni inn Sogamýri og Breiðholtsveg og síðan inn á afleggjara, sem er vestan í Vatnsendahæð. Þar stöðvaði hann bifreiðina, því að honum fannst þar vera afskekktur staður. Hann fór út úr bifreiðinni og opnaði hægri afturhurð hennar. Hætti ákærði Óskar Lúðvik þá stympingunum við A. B-dóttur og fór út úr bifreiðinni. Um leið féll hún á gólf bifreiðarinnar fyrir framan aftursætið. Ákærði Ólafur Gunnar var nú ákveðinn í að hafa samræði við A. B-dóttur, hvort sem hún samþykkti það eða hann yrði að taka hana nauðuga. Hann réðist nú á hana, tók út getnaðarlim sinn, lagðist ofan á hana, þar sem hún lá á gólfinu, kom lim sínum

inn í kynfæri hennar og hreyfði hann þar stutta stund, án þess að upplýst sé, að honum hafi orðið sáðfall. Hann kveðst ekki hafa fært hana úr buxunum með höndunum, en heldur, að buxur hennar hafi mjakazt niður um hana í stympingum þeirra, því að allt í einu hafi hann fundið, að buxurnar hafi ekki verið hindrun fyrir samræði þeirra. Hún brauzt mikið um og í því kom hann við afturhurð þá, sem höfuð hennar var við, svo að hurðin opnaðist. Tókst A. B-dóttur að komast að nokkru út úr bifreiðinni, og sá ákærði Ólafur Gunnar þá, að A. B-dóttir hafði tíðir. Kveðst hann þá hafa misst löngun til frekari samræðis við hana og hindraði ekki, að hún færi alveg út úr bifreiðinni.

Féll A. B-dóttir í moldarflag, enda var hún orðin þreytt og andlega trufluð eftir viðureignina við ákærðu. Hún reis á fætur og bað ákærðu um að aka henni heim til bæjarins, en þeir sinntu því ekki. Lagði hún þá af stað gangandi yfir vegleysu í átt til útvarpsstöðvarinnar á Vatnsendahæð, sem hún sá í nokkurri fjarlægð. Var hún þá á sokkaleistunum, því að hún hafði tapað skónum. Skammt frá útvarpsstöðinni hitti hún menn, sem náðu í lögreglu-bifreið, sem flutti hana til bæjarins.

Ákærði Ólafur Gunnar hefur með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 194. gr. 1. mgr. almennra hegningarlaga nr. 19 12. febrúar 1940 og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 1 ár.

Ákærði Óskar Lúðvik hefur með atferli sínu gerzt brotlegur gegn 194. gr. 1. mgr., sbr. 20. gr. 1 mgr. hegningarlaganna og þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði.

Samkvæmt 68. gr. 3. mgr. hegningarlaganna ber að svipta ákærðu kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Þá þykja ákærðu hafa sýnt með háttsemi sinni, að þeir séu ekki verðir til þess að hafa leyfi til að stýra bifreið, og ber samkvæmt 68. gr. hegningarlaganna að svipta þá því leyfi ævilangt.

A. B-dóttir hefur borið það, að hún hafi verið illa haldin og lerkuð eftir atferli ákærðu, þó að þeir hafi ekki veitt henni beinan áverka. Hefur hún krafizt þess, að þeir verði dæmdir in solidum til að greiða henni kr. 10 000.00 fyrir óþægindi, veikindi og fyrirhöfn vegna atferlis þeirra og kr. 265.00 fyrir skemmdir og tap á fötum eða samtals kr. 10 265.00. Ákærðu hafa fallizt á seinni lið bótakröfunnar, kr. 265.00, en mótmælt fyrri liðnum sem of háum. Bótakröfur A. B-dóttur, sem er 32 ára að aldri og hafði áður haft holdleg mök við karlmenn, þykja þó, eins og atferli ákærðu gagnvart henni hefur verið lýst hér að framan, eðlilegar og verða þær teknar til greina.

Ákærðu ber að dæma til að greiða in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 400.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Málið hefur verið rekið vítalaut.

D ó m s o r ð :

Ákærði Ólafur Gunnar Grimsson sæti fangelsi í 1 ár.

Ákærði Óskar Lúðvik Grimsson sæti fangelsi í 10 mánuði.

Ákærðu eru frá birtingu dóms þessa sviptir kosningarétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærðu eru ævilangt sviptir leyfi til að stýra bifreið.

Ákærðu greiði A. B-dóttur kr. 10 265.00 in soldium innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærðu greiði in solidum allan kostnað sakarinnar, þar á á meðal kr. 400.00 til skipaðs verjanda síns í málinu, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 7. apríl 1948.

Nr. 65/1947. **Valdstjórnin** (Hrl. Einar Arnórsson)
gegn

Péttri Magnúsi Sigurðssyni
(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Galli á málshöfðun. Ómerking dóms.

Dómur hæstaréttar.

Með bréfi 16. janúar 1947 endursendi dómsmálaráðuneytið sakadómaranum í Reykjavík 3 endurrit réttarrannsóknar, er hann hafði haldið vegna ætlaðrar ófullnægjandi gerilsneyðingar á mjólk í Mjólkurstöðinni í Reykjavík, og lagði fyrir hann að halda áfram rannsókn málsins „og koma síðan fram ábyrgð gegn Péttri Magnúsi Sigurðssyni mjólkurbússtjóra fyrir brot gegn mjólkurlöggjöfinni með réttarsátt eða dómi.“

Hinn 30. s. m. var kærði kvaddur fyrir lögregludóm Reykjavíkur. Voru honum þar sýnd skjöl málsins og tilkynnt, að rannsókn málsins væri lokið „og mál væri af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn honum fyrir brot gegn mjólkurlöggjöfinni.“

Hvorki er í skipan dómsmálaráðuneytisins né í tilkynningu dómara um málshöfðun vitnað til tiltekinna og ákveð-